

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 41/2020**

2023/EES/16/12

frá 20. mars 2020

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/981 frá 8. mars 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 168, 25.6.2019, bls. 16.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0981**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/981 frá 8. mars 2019 (Stjtið. ESB L 161, 18.6.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 168, 25.6.2019, bls. 16.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/981, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 168, 25.6.2019, bls. 16, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 18.6.2019, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.